



# Frásögn af fundi Bjarna Benediktssonar og Kaptain-Löjtenantin Thomsen í danska sjóhernum 27. október.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Danmörk – Danski sjóherinn –  
Kaptain-Löjtenantin Thomsen - 1948

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-10, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ALGJORT TRÚNADARMÁL.

F r á s ö g n.

Miðvikudaginn 27. október 1948 kom á skrifstofu mína Kaptajn-Löjtenant Thomsen úr danska sjóhernum. Høegh-Guldberg hafði daginn áður skýrt frá, að hann væri hingað kominn og mundi gjarnan vilja tala við mig ef ég hefði áhuga fyrir. Kaptajn-Löjtenantinn byrjaði með því að sýna mér skilríki um að hann væri í leyniþjónustu danska sjóhersins. Kom síðar fram í samtalinu að hann kvaðst hingað sendur af Admiral Vedel, eða samkv. hans undirlagi.

Kaptajn-Löjtenant Thomsen sagðist aldrei hafa verið á Íslandi en mikið verið á Grænlandi, ekki sízt við Austur-Grænland og einnig verið á Færeyjum. Hann sagði, að dönskum yfirvöldum væri ljóst, að hingað til Íslands hefðu á síðustu árum komið töluvert af Dönum sem litill fengur væri í og sumir sem ætla mætti, að beinlínis væri hingað komnir í slæmum tilgangi. Nefndi hann t.d. /<sup>mann</sup> sem sennilega væri hér á fólkskum passa en hefði vinnu hjá íslenska útvarpinu við ýmiskonar viðgerðirog mundi hann sennilega vera kommúnistiskur njósnari. Þá sagði hann, að kommúnistar mundu hafa í þjónustu mikið af mönnum, sem kynnu eitthvað að fara með radioútsendara, og auðvitað miðað að, að þeir yrðu notaðir ef sérstakir atburðir bæru að höndum, jafnvel þó ekki væri hægt að nota þá nema um mjög stutta stund, t.d. nokkra klukkutíma, eða jafnvel skemmri tíma.

Danir hefðu nokkuð fylgst með hverjir hjá þeim hefðu sérstaka þekkingu sem amatörar til að fara með slík tæki og mundu Íslendingar geta fengið upplýsingar um þá menn, sem grundur léki á að væru við þetta riðnár er þeir færu til Íslands.



Kaptajn-Löjtenantinn sagði, að greinilegt væri, að Rússar legðu meiri áherzlu en áður á að halda uppi njósnum í hinum norðlægu löndum og væri mjög mikið um vert, að samvinna væri komið til að fylgjast með þeim. Aðspurður af mér sagði hann, að hvorttveggja væri til, að slíkir njósnarar störfuðu aðeins á flokksins vegum eða í sambandi við sendiráðin og reynslan væri sú, að í flestum tilfellum væri eitthvert samband við sendiráðin rússnesku, enda væri raunin sú hvarvetna í hinum norlægu löndum, að þau væru mannfleiri en þörf væri á. Þá væri einnig í Danmörku töluvert af menningarfulltrúum rússneskum, þ.e.a.s. menn sem kæmu til að sýna hinar og þessar listir, dansæ og annað slíkt, og hefði reynt svo, að flestir eða allir þessir menn væru sendir út í njósnar skyni. Danir hefðu og grunum, að Rússar létu sér sérstaklega títt um Austur-Grænland, sérstaklega nú eftir að tilstæði að Bandaríkjamenn hyrfu alveg af Austur-Grænlandi, enda hefði reynslan verið sú, að Rússar hefðu yfirleitt sett sig fasta á sömu stöðum eins og Þjóðverjar hefðu verið. Nú hefðu Þjóðverjar verið á þremur stöðum á Austur-Grænlandi meðan á stríðinu stóð og þætti Dónum því líklegt, að Rússar reyndu að setja sig niður á svipuðum slóðum. Þeir hefðu einnig orðið varir við tortryggilega siglingu þar og óskuðu mjög eftir samvinna við Íslendinga um frásagnir af því ef tortryggileg skip væru þar á ferðinni, eða yfirleitt frásagnir um skipaferðir á þessum slóðum. Hann sagði Dani vera reiðubúna til þess að láta okkur fá frásagnir af skipum, sem tortryggileg væru, er sigldu í gegnum dönsku sundin, lýsingu á þeim og annað slíkt, svo við gætum fylgst með hvort þau kæmu hingað til lands, annað hvort í höfn hér eða sæust héðan eða frá íslenskum skipum.



Hann sagði það hafa vakið mikla athygli hjá Dönum, að mörg og stór rússnesk flutningaskip hefðu farið út úr Eystrasalti að undanförunu - mér skildist á síðustu mánuðum og árum - og ekki komið inn í Eystrasalt aftur. Þar á meðal mörg stór skip með flotdökkir og annað slíkt. Með þessu hefði verið fylgst norður með Noregs-ströndum og hefði auðsjáanlega farið til norlægu hafnanna í Rússlandi. Annað hefði horfið gersamlega eins og t.d. fimm kaþbátar, sem hefðu farið gegnum dönsku sundin í sumar. Hvort heldur væri að menn vissu af þessum skipum nú við norðurhafnir Rússlands eða væri ókunnugt um verustað þeirra, benti hvorttveggja til, að undirbúningi væri um langan tíma að koma upp basis þar norðurfrá, sem hægt væri að nota til flutninga og á einhvern ókunnan eða óákveðinn stað, ef mikið þætti við liggja.

Þessar grunsemdir þættu Dönum svo ískyggilegar að þeir teldu rétt að láta Íslendinga vita, sérstaklega af því að málið gæti haft mikla þýðingu fyrir Ísland.

Kaptajn Löjtenantinn nefndi sem ákveðið dæmi þess að óhapp hefði hlotist af, að ekki væri samvinna um þessi efni, komu tékknesku vísindamannanna hingað til lands í sumar. Hann sagði að Danir hefðu verið búnir að neita þessum mönnum um komu-leyfi til Grænlands, vegna þess að við athugun hefði komið í ljós, að tvímælalaust hefði verið um njósnarleiðangur að ræða. Þeir hefðu sótt um að fá að vera á tveim stöðum í Grænlandi þar sem eitthvað var um að vera, annaðhvort sérstakar námur eða eitthvað þvífíkt, þannig að greinilegt hefði verið, að ætlun hefði ekki verið sú, að rannsaka ís eða áhrif hans.

Niðurstaðan af samtali okkar varð sú, að ég sagði Íslenzku stjórnina hafa mikinn áhuga á málefni því, er hann væri kominn til að ræða um og sýndist mér eðlilegast að hann hefði samráð um þetta við lögreglustjór-



ann í Reykjavík og fulltrúar í dómsmálaráðuneytinu og hafði ég kvatt þá, Sigurjón Sigurðsson og Baldur Möller, til að tala við Kaptajn Löjtenantinn og fóru þeir síðan saman og ætluðu þegar í stað að hefja umræður sín á milli.